



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 132/895

komudagur 17.2.2006

Alþingi
Menntamálanefnd
Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16.2 2006
Tilvísun: 2006010160

Efni: Umsögn um 401. mál, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Alþýðusambandið gaf umsögn um frumvarp það sem til umfjöllunar var á síðasta þingi, þegar fyrirhugað var að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag. Þá var lýst andstöðu við fyrirhugaðar breytingar á bæði rekstrarformi og fjármögnun Ríkisútvarpsins (RÚV). ASÍ var og er þeirrar skoðunar að viðtækt hlutverk RÚV í almannabágu, bæði í óháðri fréttamiðlun og menningarlegu hlutverki, sé þess eðlis að afar mikilvægt sé að RÚV verði með öruggum hætti áfram í almannæigu.

ASÍ telur mikilvægt er að standa vörð um sjálfstæði RÚV og telur að það megi gera með því að taka upp svipað fyrirkomulag og þekkist víða, þ.e. að starfsmönnum og sjálfstæðum aðilum utan stofnunar verði auk þings og ráðherra gert að skipa fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Sem fyrr lýsir ASÍ efasemdum sínum við fyrirhugaða breytingu á fjármögnun RÚV, þ.e. með sérstökum nefnskatti í stað afnotagjalda eins og fram kom í fyrri umsögn. Jafnframt má benda á, að með því að breyta fjármögnun RÚV með þessum hætti getur það leitt til röskunar á samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fjölmiðlafyrirtækjum, sem innheimta afnotagjöld.

Verði af fyrirhuguðum breytingum á rekstrarformi RUV, leggur ASÍ áherslu á, að í hvívetna og með sýnilegum og virkum hætti verði fylgt lögum um aðilaskipti að fyrirtækjum og réttarstaða allra starfsmanna sem margir eiga allan starfstíma sinn hjá stofnuninni verði tryggð. Mörg undanfarin ár hefur og mörgum starfsmönnum RÚV verið haldið á endurteknum tímabundnum ráðningarsamningum og einkonar verktökusamningum. ASÍ leggur áherslu á að öllum þessum starfsmönnum verði tryggð sama réttarstaða og annarra starfsmanna RÚV ef og þegar breytingarnar fara fram. Mikilvægt er að ráðherra gefi skýrar yfirlýsingar hér að lútandi svo þeir starfsmenn sem ekki hafa notið fullnægjandi réttarstöðu njóti sömu réttinda og fast starfslíð RÚV. Þá er og bent á, að til þess að tryggja sjálfstæði starfsmanna gagnvart stjórn og framkvæmdastjóra er og nauðsynlegt að löggin geymi sérstök ákvæði um málefnalegar, rökstuddar og áfrýjanlegar uppsagnir.

Virðingarfyllt,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
Deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ.